

Nefndarsvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 22. desember 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 11/2006 (orkuskipti)

Samtök iðnaðarins og Samtök skipaiðnaðarins (hér eftir „samtökin“) vísa til máls nr. 199/2022 sem birt var á samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 20. október 2022, þar sem kynnt eru til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (orkuskipti). Samtökin fagna áformum stjórnvalda um að auka almennt möguleika á notkun á vistvænni orku. Samtökin hafa um árabíl framleitt smábáta og vilja áréttta að í umsögn þessari er ekki tekin afstaða til þess hvort stærðarbreyting á krókaafllsmarksbátum sé til bóta fyrir fiskveiðistjórnun en telja þó ástæðu til að áréttta eftirfarandi atriði.

Í 1. gr. draga umrædds frumvarps er kveðið á um heimild til handa bátum sem nota vistvæna orkugjafa til að vera stærri en núgildandi lög um stjórn fiskveiða kveða á um þar sem slíkir bátar gera kröfu um aukið rými fyrir orkuinnihald, þ.e. stærri tanka eða rými fyrir rafhlöðu. Samtökin leggja áherslu á mikilvægi gagnsæis í þeirri vinnu sem framundan er við setningu nýs regluverks. Sé litið til núverandi búnaðar er ljóst að vistvænir orkugjafar kalla á aukið umfang og þyngd orkugeyma. Þá er ótalin plássfrekur búnaður sem er nauðsynlegur til þess að gera notkun mögulega. Samtökin leggja áherslu á að kröfur til hönnunar slíkra skipa og búnaðar liggja fyrir við útgáfu veiðileyfanna. Mikilvægt er að ekki sé farið af stað í fjárfestingar á smíðum sem ekki fást samþykktar á síðari stigum vegna óljósra krafna laganna og eftir atvikum reglugerðar. Í þessu samhengi er rétt að benda á að bátar á krókaafllamarki fara í mislanga róðra eftir staðsetningu og árstíma. Þá getur verið stuttur tími á milli róðra, sérstaklega á stærri bátum sem veiða á krókaafllamarki, þannig getur mögulegur hleðslutími geyma verið takmarkaður.

Að öllu framansögðu er það ósk samtakanna að ofangreindar athugasemdir verði teknar til greina. Samtökin gera að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við matvælaráðuneytið.

Virðingarfyllst,



Lilja Björk Guðmundsdóttir,
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði Samtaka iðnaðarins